

Fundargerð 978. fundar

stjórnar Sambands íslenskra sveitarfélaga

Árið 2025, miðvikudaginn 30. apríl kl. 12:00 kom stjórn Sambands íslenskra sveitarfélaga saman til fundar og fór hann fram í gegnum fjarfundarbúnað.

Fundinn sátu: Jón Björn Hákonarson, Einar Þorsteinsson, Hildur Björnsdóttir, Hjálmar Sveinsson, Anna Sigríður Guðnadóttir, Rósa Guðbjartsdóttir, Einar Brandsson, Nanný Arna Guðmundsdóttir, Freyr Antonsson, Margrét Ólöf A. Sanders og Walter Fannar Kristjánsson.

Að auki sátu fundinn Arnar Þór Sævarsson, Inga Rún Ólafsdóttir, Valgerður Rún Benediktsdóttir, Grétar Sveinn Theodórsson, Helga María Pálsdóttir, Þórdís Sveinsdóttir og Valur Rafn Halldórsson, sem ritaði fundargerð.

Fundargerðin var færð í tölvu.

Þetta var tekið fyrir:

1. Fundargerðir 976. og 977. fundar - 2410016SA

Lagðar fram til kynningar fundargerð 976. og 977. fundar stjórnar Sambandsins frá 4. og 11. apríl 2025, sem undirritaðar hafa verið með rafrænum hætti.

2. Minnisblað um framkvæmd kjaraviðræðna við KÍ - 2406015SA

Lagt fram sem trúnaðarskjal minnisblað Sambandsins, dags. 28. apríl 2025, um framkvæmd kjaraviðræðna við KÍ árið 2024 til 2025, sbr. bókun á fundi stjórnar Sambandsins 14. mars 2025.

Stjórn þakkar fyrir vandað og gagnlegt minnisblað um framkvæmd kjaraviðræðna. Það er gott veganesti til að tryggja betri yfirsýn yfir ferli kjarasamningsgerðar og vinnubrögð til framtíðar í þeim efnum.

3. Tilnefning í stýrihóp um eftirfylgni verkefna á grundvelli samkomulags um börn með fjölþættan vanda - 2504002SA

Lagt fram til kynningar bréf Sambandsins til mennta- og barnamálaráðuneytisins, dags. 15. apríl 2025, þar sem Regína Ásvaldsdóttir, bæjarstjóri Mosfellsbæjar, og María Ingibjörg Kristjánsdóttir, félagsþjónustufulltrúi á stjórnarsýslusviði Sambandsins, eru tilnefndar í stýrihóp um eftirfylgni verkefna á grundvelli samkomulags um börn með fjölþættan vanda.

4. Umsögn um tillögu til þingsályktunar um framkvæmdaáætlun í kynjajafnréttismálum fyrir árin 2025-2028 - 2504019SA

Lögð fram til kynningar umsögn Sambandsins til allsherjar- og menntamálanefndar Alþingis, dags. 14. apríl 2025, um tillögu til þingsályktunar um framkvæmdaáætlun í kynjajafnréttismálum fyrir árin 2025-2028, 227. mál.

5. **Umsögn um tillögu til þingsályktunar um stefnu um farsæld barna til ársins 2035 - 2504021SA**
Lögð fram til kynningar umsögn Sambandsins til velferðarnefndar Alþingis, dags. 14. apríl 2025, um tillögu til þingsályktunar um stefnu um farsæld barna til ársins 2035, 283. mál.
6. **Endurtilnefning í stjórn Atvinnuleysistryggingasjóðs - 2212038SA**
Lagt fram til kynningar bréf Sambandsins til félags- og húsnæðismálaráðuneytisins, dags. 22. apríl 2025, þar sem Sandra Hlíf Ocares, varaborgarfulltrúi í Reykjavík, er tilnefnd sem aðalmaður í stjórn Atvinnuleysistryggingasjóðs.
7. **Endurtilnefning í stjórn Vinnumálastofnunar - 2209037SA**
Lagt fram til kynningar bréf Sambandsins til félags- og húsnæðismálaráðuneytisins dags. 22. apríl 2025, þar sem Einar Brandsson, bæjarfulltrúi á Akranesi og stjórnarmaður hjá Sambandinu, er tilnefndur í stjórn Vinnumálastofnunar.
8. **Tilnefning í verkefnisstjórn rammaáætlunar - 2503006SA**
Lagt fram til kynningar bréf sambandsins til umhverfis-, orku- og loftslagsráðuneytisins, dags. 25. apríl 2025, þar sem Jón Björn Hákonarson, bæjarfulltrúi í Fjarðabyggð og stjórnarformaður Sambandsins, eru tilnefndur sem aðalmaður í verkefnisstjórn rammaáætlunar, og Valgerður Rún Benediktsdóttir, yfirlögfræðingur Sambandsins, til vara.
9. **Umsögn um frumvarp til laga um námsgögn - 2504023SA**
Lögð fram til kynningar umsögn Sambandsins til allsherjar- og menntamálanefndar Alþingis, dags. 16. apríl 2025, um frumvarp til laga um námsgögn, 255. mál.
10. **Umsögn um frumvarp til laga um breytingu á lögum um verndar- og orkunýtingaráætlun - bætt málsmæðferð og augin skilvirkni - 2504025SA**
Lögð fram til kynningar umsögn Sambandsins til umhverfis- og samgöngunefndar Alþingis, dags. 22. apríl 2025, um frumvarp til laga um breytingu á lögum um verndar- og orkunýtingaráætlun, nr. 48/2011 (bætt málsmæðferð og augin skilvirkni), 268. mál.
11. **Umsögn um frumvarp til laga um samning SP um réttindi fatlaðs fólks - 2503034SA**
Lögð fram til kynningar umsögn Sambandsins til utanríkismálanefndar Alþingis, dags. 29. apríl 2025, um frumvarp til laga um samning Sameinuðu þjóðanna um réttindi fatlaðs fólks, 187. mál.

Fundi var slitið kl. 12:35